

Jarðgerðarstöð, Þveráreyrum. Eyjafjarðarsveit

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð jarðgerðarstöð í landi Þverár í Eyjafjarðarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, byggingarleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 36. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og rekstrarleyfi Matvælastofnunar, skv. 7. gr. reglugerðar 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum.

Áður en framkvæmdaleyfi, starfsleyfi og rekstrarleyfi eru veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005 – 2025 og jafnframt deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæðið þar sem jarðgerðastöðin er fyrirhuguð.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Molta ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. júlí 2008.

4. júní 2008

INNGANGUR

Þann 26. mars 2008 tilkynnti Molta ehf. Jarðgerðarstöð, Þveráreyrum, Eyjafjarðarsveit til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 j í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, veiðimálastjórnar Matvælastofnunar, Matvælastofnunar - yfirdýralæknis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar með bréfi dags. 16. apríl 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 21. apríl 2008, matvælaöryggis- og neytendasviði Matvælastofnunar, með bréfi dags 24. maí 2008, veiðimálastjórn Matvælastofnunar með bréfi dags. 9. apríl 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. maí 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhugað framkvæmd. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að reisa jarðgerðarstöð í landi Þverár í Eyjafjarðarsveit. Í jarðgerðastöðina eigi að flytja lífrænan úrgang sem falli til við Eyjafjörð, þ.e. úrgang frá sláturhúsum og kjötvinnslu (auk þess sem til falli af slíkum úrgangi á Húsavík), fiskúrgang og matarleifar auk svokallaðra stoðefna, en það er m.a. dagblaða- og tímaritapappír, umbúðapappi, garðaúrgangur, timbur og þéttbýlishrossatað. Núverandi áætlanir geri ekki ráð fyrir að jarðgera heimilissorp, en slíkt myndi þó falla vel að starfsemi.

Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við Landsáætlun sem gerð var af Umhverfisstofnun um meðhöndlun úrgangs 2004 – 2016, þar sem sett eru fram markmið um árangur varðandi umfang lífræns úrgangs.

Í upphafi sé gert ráð fyrir að úrvinnslumagn verði um 10.000 tonn á ári, magn moltu á þroskunarvæði verði um 2.000 -3.400 tonn eða 2.700 – 4.500 m³, háð árstíma. Magn fullgerðar moltu verði um 5.800 – 7.200 tonn á ári eða 7.700 – 9.600 m³. Áætlanir geri ráð fyrir að árleg úrgangsaukning verði um 1,5% ár ári og því verði úrvinnslumagn árið 2020 um 12.000 tonn, en heildarafkastageta stöðvarinnar sé a.m.k. 15.000 tonn.

Í gögnum framkvæmdaraðila er jarðgerðarferlinu lýst, sem í stuttu máli felst í því að úrgangur frá matvælavinnslu og mataleifar teknar inn í hús og losaðar í þró, en stoðefni eru losuð á gólf innandyra. Matarúrgangur er settur í forkvörn þar sem að stór stykki eru brotin niður í smærri hluta, t.d. stór bein. Að formölun lokinni tekur við mólun þar sem að bitastærð verður að hámarki 12x12x12 mm. Stoðefnin pappír, pappi, garðaúrgangur og timbur eru tætt fljótlega eftir móttöku síðar er þeim sjálfvirktt blandað saman við malaða úrganginn. Að blöndun lokinni er jarðgerðarblandan sett í svokallaðan meltara, sem eru tromlur. Lofti er blásið inn í tromlurnar til að hvetja jarðgerðarferlið. Afloft er dregið úr tromlunum og leitt út, en áður er lyktvaldandi efnum eytt með ósoni. Meltingin tekur 9-12 daga og er áætlað að úrgangurinn rýrni að umfangi um 35- 40% við hana. Meltingin er útvermin og fer hitinn í jarðgerðarblöndunni a.m.k. í 70-75 C í a.m.k. eina klst. á meltingartímanum og hitnar þá efnið í gegn. Að lokinni meltingu er melt jarðgerðarblandan losuð úr tromlum og út úr húsi í sérútbúna gáma sem losaðir eru reglulega. Þá tekur við þroskun utandyra

og rýrnar efnið þá enn frekar. Moltan verður fullþroska á 3-6 mánuðum og umfang hennar þá orðið allt að 50% af umfangi úrgangsins sem hún er unnin úr. Þroskun fer fram á malbikuðum plönnum sem halla þannig að sigvatn, sem hugsanlega myndast í úrkomu, er leitt í tveggja þrepa frárennslisheinsikerfi.

Þá kemur fram að jarðgerðarferlið og innra eftirlit með framleiðslunni mun taka fullt mið af reglugerð nr. 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum. Úrgangur frá sláturhúsum og kjötvinnslu mun falla í 3. áhættuflokk skv. reglugerðinni. Mölun úrgangs frá matvælavinnslu og matarleifa ásamt tiltölulega háum hita við meltingu og mun uppfylla kröfur sem gerðar eru í lið 6.b í II. kafla í I. viðauka í fyrrnefndri reglugerð. Meðferð fullunninnar moltu verður í samræmi við 8. gr. fyrrnefndar reglugerðar. Helst er ráðgert að nota moltu í landfyllingar, sem jarðvegsbæti og jafnvel til áburðar.

Fram kemur að helstu mannvirki sem tengjast framkvæmdinni verða aðkomuvegur, sem að mestu liggur um svæði sem nýtt hefur verið undir efnistöku, 1200 m² húsnæði fyrir jarðgerð innanhúss, malbikuð plön undir þroskunar svæði moltunnar, frárennsliskerfi, tveggja þrepa hreinsikerfi, auk olúskilju við frárennslis frá tæknirými. Þá er áætlað að neysluvatni verði dælt úr áreyrum Þverár með því að setja niður brunn í um 100 m fjarlægð frá iðnaðarsvæðinu sem jarðgerðarstöðin mun standa á.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé um 5,7 ha stærð á mestu leyti óröskuðu svæði við jaðar efnistökusvæðis. Ekki sé áætlað að neinir mengandi þættir verði frá framleiðslu moltunnar, umfram það sem er á landbúnaðarsvæðum sveitarfélagsins.

Áhrif á jarðveg og vatn. Fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir teljandi sigvatnsmyndun við jarðgerðina. Einna helst verði líkur á að sigvatn leki frá moltu í þroskunarferli í úrkomu. Þroskunarplönin verði hallandi með niðurföllum og því mun sigvatn ekki leka út fyrir þau. Einnig verði niðurföll í húsnæði og á móttökuplani og því verði litlar sem engar líkur taldar á að sigvatn geti mengað jarðveg og vatn. Frárennslis verður leitt í tveggja þrepa hreinsikerfi. Framkvæmdaraðili telur að með tilliti til fyrirkomulags vinnslunnar og fráveitu séu taldar litlar sem engar líkur á að sigvatn geti mengað jarðveg eða grunnvatn og áhrif því talin óveruleg.

Áhrif á loft. Fram kemur að jarðgerðarhúsið verði loftræst og útblástur tækjum sem sjá um meltingu hreinsaður með ósonrafali áður en útblástur er losaður út í andrúmsloftið. Útblásturinn verði ekki sýnilegur og hafi því ekki sjónræn áhrif. Þá kemur fram að moltan sem verði í þroskun utandyra muni verða nánast lyktarlaus. Moltan muni því ekki valda óþægindum vegna lyktar né draga að vargfugl og meindýr. Framkvæmdaraðili telur að með tilliti til útfærslu framkvæmdar telji hann að áhrif á loftgæði verði óveruleg, þó alltaf geti verið hætt á að einhver lykt berist frá starfsemi einstaka sinnum í skamman tíma í einu.

Áhrif á samgöngur. Fram kemur að á framkvæmdatíma verði tímabundin aukning á umferð vinnuvéla um framkvæmdasvæðið vegna framkvæmda við uppbyggingu mannvirkja. Álagstími móttöku verður mestur þegar sauðfjársláturúrgangur mun berast frá Húsavík. Fyrirhugað sé að taka á móti úrgangi og flytja burtu moltu á dagvinnutíma virka daga. Áætluð dagleg umferð fullhlaðinna bíla til og frá jarðgerðarstöð sé á alagstíma áætluð 6 – 8 bílar en aðra daga ársins 3 – 5 bílar.

Framkvæmdaraðili telur að miðað við þá umferð sem fyrir er á Eyjafjarðarvegi eystri og um aðliggjandi efnistökusvæði telji hann að áhrif framkvæmdar á samgöngur verði óveruleg.

Áhrif á hljóðvist. Fram kemur að hljóðmengun verði lítil sem engin frá sjálfri framleiðslunni, enda allur tækjabúnaður til forvinnslu og meltingar innanhúss og fjarlægð vinnsluhússins fjarri næstu íbúðarhúsum og þjóðvegi. Þá séu tækin innanhúss að mestu hljóðlát, en tromlur sem sjá um meltingu snúist með skelli á um einnar klukkustundar fresti. Framkvæmdaraðili telur að þar sem hvorki sé búist við ónæði vegna hávaða frá jarðgerðarferlinu, né að ónæði vegna hávaða frá umferð stórra farartækja um svæðið muni aukast frá því sem fyrir er, sé talið að áhrif á hljóðvist vegna framkvæmdar verði óveruleg.

Niðurstaða framkvæmdaraðila er sú að með tilliti til umfangs, staðsetningar og útfærslu framkvæmdar telji hann að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á umhverfi og eigi því ekki að teljast matsskyld.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, matvælaöryggis- og neytendamálasvið Matvælastofnunar, veiðimálastjórn Matvælastofnunar og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að ekki komi skýrt fram hvort einhver flokkun á úrgangi muni eiga sér stað í stöðinni og því ekki ljóst hvort viðkomandi heilbrigðiseftirlit eða Umhverfisstofnun eigi að gefa út starfsleyfi fyrir starfseminu. Framkvæmdaraðili svarar því til og vísar til tilkynningu um framkvæmd að engin flokkun á úrgangi muni eiga sér stað í stöðinni. Jafnframt komi þar fram að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veiti starfsleyfi skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að ekki sé getið um nálægð við íbúðarbyggð, né hvort samráð hafi verið haft við íbúa þar. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að starfssvæði Moltu ehf. á Þveráreyrum sé í um 600 m fjarlægð frá heimahúsum Þverár. Við undirbúning framkvæmda hafi verið haft samráð við landaeiganda sem jafnframt sé ábúandi á Þverá. Þá hafi áform um jarðgerð í Eyjafirði verið kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum íbúafundum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að starfsemin muni hafa áhrif á loftgæði og að búast megi við ásókn meindýra í þroskunarhauginn. Umfjöllun um hugsanlega loftmengun sé frekar ónákvæm og betur hefði mátt gera grein fyrir reynslu af notkun ósons til að eyða lykt frá jarðgerðarferli. Einnig bendir stofnunin á að í starfsleyfi sé tekið á þessum atriðum og almenningur geti gert athugasemdir við þau. Framkvæmdaraðili svarar því til að lyktvaldandi efnum verði eytt með ósoni áður en aflofti sé veitt út úr jarðgerðarstöðinni. Molta sem þroskast mun utandyra sé nánast lyktarlaus og haldist þannig nái loft að leika um hana. Moltan muni því ekki valda óþægindum vegna lyktar né draga að vargfugl. Varðandi reynslu af hreinsun

aflofts með ósoni svarar framkvæmdaraðili því til að við hönnun jarðgerðastöðvarinnar hafi verið könnuð reynsla af rekstri sambærilegara stöðva erlendis, m.a. í Finnlandi. Reynslan þáðan sýnir að hreinsun aflofts með ósoni gefi betri árangur en með lífsú (biofilter), sem er hinn möguleikinn til hreinsunar aflofts frá jarðgerðarstöðinni. Þá sýni reynsla erlendis frá að eftir meltingu í tromlum hafi meindýr lítinn áhuga á moltu á þroskunarsvæðum, enda sé hún þá nánast orðin að mold.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu á jarðgerðarstöð í landi Þverár í Eyjafjarðarsveit. Framkvæmdasvæðið er í jaðri efnistökusvæðis og liggur að hluta innan þess. Í nágrenni þess eru landbúnaðarsvæði. Í jarðgerðarstöðina á að flytja lífrænan úrgang sem fellur til við Eyjafjörð, m.a. úrgang frá sláturhúsum og kjötvinnslu, fiskúrgang og matarleifar auk svokallaðra stoðefna, t.d. dagblaða- og tímaritapappír, garðaúrgangur og timbur. Jarðgerðarferlið og innra eftirlit með framleiðslunni mun taka fullt mið af reglugerð nr. 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum. Úrgangur frá sláturhúsum og kjötvinnslu mun falla í 3. áhættuflokk skv. reglugerðinni, sem tilgreinir sláturúrgang sem hefur minnsta áhættu í för með sér af þremur tilgreindum áhættuflokkum. Í upphafi er gert ráð fyrir að úrvinnslumagn verði um 10.000 tonn á ári og magn fullgerðar moltu verði um 5.800 – 7.200 tonn á ári eða 7.700 – 9.600 m³. Áætlanir gera ráð fyrir að árleg úrgangsaukning verði um 1,5% ár ári og því verði úrvinnslumagn árið 2020 um 12.000 tonn, en heildarafkastageta stöðvarinnar sé a.m.k. 15.000 tonn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 j í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Áhrif á vatn og jarðveg. Fyrir liggur að í moltuvinnsluna verður ekki notaður lífrænn úrgangur sem er flokkaður hátt m.t.t. áhættu vegna smitsjúkdóma og hönnun á plani undir þroskun moltu, niðurföll og hreinsikerfi til þess fallin að draga verulega úr líkum á að mengað sigvatn berist í jarðveg eða vatn. Skipulagsstofnun telur því ekki líklegt að fyrirhugðu framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á vatn og jarðveg.

Áhrif á lykt. Fyrir liggur að tímabundið getur lykt stafað frá moltugerðinni, en Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif vegna lyktar verði ekki veruleg.

Áhrif á umferð. Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á samgöngur verði óveruleg, sé tekið mið af þeirri umferð sem fyrir er í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Moltu ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Moltu ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging jarðgerðarstöðvar á Þveráreyrum í Eyjafjarðarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, byggingarleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 36. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr.

73/1997, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og rekstrarleyfi Matvælastofnunar, skv. 7. gr. reglugerðar 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum. Áður en framkvæmdaleyfi, starfsleyfi og rekstarleyfi eru veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005 – 2025 og jafnframt deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæðið þar sem jarðgerðastöðin er fyrirhuguð.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Molta ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. júlí 2008.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

